

# Söguferðir



Hlíðarhvammi 4, 200 Kópavogi.

S564 3031 / 611 4797

## Dagskrá

### Uzbekistan

Tashkent -Ferganadalur -Khiva-Bukhara-Shakhrisabz-Samarkand-Tashkent-Tashkent-heim

2.-16. september 2022



#### DAGUR 1

Föstudagur 2.  
sept. . Keflavík -  
Tashkent

Reykjavík - Tashkent um London:

Kef-London LHR 7:40 – 11:45. FI 450 [ICELANDAIR](#)

16:20 - 03-:10 London - Tashkent HY-202 Boing 757. [UZBEKISTAN AIRWAYS](#)

#### DAGUR 2

Laugardagur 3.  
sept.. Tashkent

Kl. 03:10 landing í Tashkent. Rúta bíður við flugstöð og ekur okkur á hótél.

Hvöld til kl. 13:00

Eftir síðbúinn morgunverð höldum við í skoðunarferð.



Tashkent, ein fjölmennasta fornra borga í Mið-Asíu og höfuðborg Uzbekistans. Á máli heimamanna merkir Tashkent “Steinborgin” og er jafnframt þekkt sem borg hinna miklu andstæðna. Fyrsta dag okkar í landinu munum við kynnst þessum andstæðum, hinu gamla og nýja, hinu stóra og smáa. Tashkent, borgarskoðun. Hér munum við m.a. skoða:

- Khazret-Imam
- Barak-khan madrassah (trúarskóli)
- Tellya Sheikh Medressa
- Juma Mosque
- O‘zbekiston tarixi davlat muzeyi; (Þjóðminjasafnið). .

**Miðdegisverður (ekki innifalinn)**

**Kvöldverður þjóðlegu veitingahúsi.**

Gist í Tashkent

<p>DGUR 3 Sunnudagur 4. sept. Tashkent.</p>	 <p>Að loknum morgunverði verður haldið á vit fortíðar, samtíðar og framtíðar. Nýja Óperan, Amir Temur Torg, Sjálfstæðistorgið og Minnisvarðinn um hinar föllnu hetjur rannsóknarferð um neðanjarðarlestarkerfið í borginni. Stefnum að því að finna staðarskála til miðdegishressingar. Dagurinn að öðru leyti frjáls.</p> <p><b>Miðdegisverður (ekki innifalinn)</b></p> <p><b>Kvöldverður í staðarskála.</b> Gist í Tashkent</p>
<p>DAGUR 4 Mánudagur 5. sept., Tashkent– Ferganadalur</p>	<p><b>Tashkent – Ferganadalur.</b> Árbítur á hóteli. Kl. 08. Haldið í suðaustur, inn í gróðurvin úzbekistana, Ferganadalinn sem Úzbekistar deila með Kyrgystan og Tajikistan og er frjósamasti hluti þeirra landa allra. Þessi árstíð er afar fögur í þessari náttúruparadís. Úzbekistans. Á þessum tíma eru bómullarakrar í blóma og loftið þrungið ávaxtailmi. Um hádegisbil komum við til borgarinnar Kokand (240 km frá Tashkent). Kokand er staðsett í vesturhluta Ferghana-dalsins. Silkivegurinn mikli hafði gegnt stóru hlutverki í þróun borgarinnar. Heimsókn í Khudoyar Khan höll og safn og í hinn forna trúarskóla Jami.</p> <p><b>Miðdegisverður (ekki innifalinn)</b></p> <p>Ekið til Rishtan (40 km). Frá fornu fari var bærinn Rishtan rómaður fyrir fallett keramik. Það eru útfellingar af rauðum leir, náttúrulegum steinefnum og gnægð af fjallagróðri sem er leyndarmálið á bak við litaflóru handverksins. Haldið áfram til borgarinnar Fergana (50 km), stjórnsýslumiðstöð Fergana svæðisins og mikilvæg iðnaðarmiðstöð Úsbekistan.</p> <p><b>Kvöldverður á þjóðlegum veitingastað.</b> Gist í Fergana.</p> 
<p>DAGUR 5 Þriðjudagur 6. sept., Ferganadalur – Tashkent.</p>	<p>Að loknum morgunverði . Höldum áfram ferð um Ferganadalinn. Ekið að Margilanum Og spankulerum um Margilan Markaðinn. Þá heimsækjum við hina frægu Yodgarlik silkiverksmiðju þar sem upprunalegar aðferðir við silki framleiðslu hafa haldist. Silkið sem framleitt er hér er talið eitt það besta í Mið-Asíu. Heimsókn Said Akhmad Khuja sem eitt sinn var trúarskóli en er nú vettvangur handverks og handverksverkstæða.</p> <p><b>Miðdegisverður (ekki innifalinn)</b></p> <p>Að loknum miðdegisverði höldum við með okkar smáu bílum um fjallvegi til Tashkent.</p> <p><b>Kvöldverður á þjóðlegum veitingastað.</b> Gist í Tashkent</p>

<p>DAGUR 6  <b>Miðvikudagur 7. sept. Tashkent - Khiva</b></p>	<p>Morgunverður.  Kl. 05:00 kveðjum við hótelið að sinni. Með flugi til Urgench, <b>HY051 07:00-08:30</b>. Í Urgench bíður okkar rúta sem ekur okkur til Khiva (32 km. Ca. 40 mín). Skráum okkur á hótél og hvílumst til hádegis. Röltum um þessa ómótstæðilegu fornu borgarperlu. Khiva er á lista UNESCO sem sameiginlegur arfur mannkyns.  <i>Miðdegisverður (ekki innifalinn)</i>  <b><i>Kvöldverður að hætti héróaðsbúa.</i></b>  Gist í Khiva</p>
<p>DAGUR 7  <b>Fimmtudagur 8. sept. Khiva -</b></p>	<p>Að loknum morgunverði hittumst við og spjöllum um sögu þessa unaðslega bæjar með sína björtu sögu og kolsvörtu. Skoðum með leiðsögumanni.  <i>Miðdegisverður (ekki innifalinn)</i>  <b><i>Kvöldverður í einni fornum trúarskóla. Njótum þar matar að hætti heimamanna ásamt þjóðlegri tónlist og dönsum frá Khorezm svæðinu.</i></b>  Gist í Khiva</p>
<p>DAGUR 8  <b>Föstudagur 9. sept. Khiva-Bukhara</b></p>	<p>Morgunverður  Framundan er langur akstur yfir eyðimörkina frá Khiva til Bukhara (400 km – 8 klst). Á leiðinni æjum við nokkrum sinnum og njótum fegurðar þessa gróðursnauda lands. Við komuna til Bukhara höldum við beint á hótél.  <i>Miðdegisverður (ekki innifalinn)</i>  <b><i>Kvöldverður að hætti heimamanna.</i></b>  Gist í Bukhara</p>
<p>DAGUR 9  <b>Laugardagur 10. sept. Bukhara</b></p>	<p>Morgunverður  Vettvangsrannsókn um Bukhara. Bukhara er ein af fornu borgum Úzbeka sem reistar voru á hinni helgu hæð vorfórna samkvæmt trú sem kennd er við Sarapústra (Zoroastrians). Nafnið „Bukhara“ er dregið af sanskrit sem táknar „musteri, klaustur“. Þessi borg var viðskiptamiðstöð við Silkileiðina miklu og hér er einnig afar fornt og merkilegt samfélag Gyðinga sem nú er reyndar að hverfa. Á rölti okkar um gamla bæinn sjáum hvert undrið öðru merkilegra. Bukhara hefur staðið vörð um aldagamla menningararfleifð sína í arkitektúr og gamli borgarhlutinn er safn í sjálfu sér. Þá munum við skoða elstu múrsteinsbyggingu í Mið-Asíu, grafhýsi Samaníða frá 9./10. öld. Grafhýsi Chashma Ayub sem ku geyma spor dýrlinga liðinna alda og jafnvel sjálfur spámaðurinn Job ku hafa heimsótt staðinn meðan hann lifði og starfaði. Þá liggur leiðin að sumarhöll síðasta emírsins í Bukhara, höllinni sem kennd er við „Sitara-i-Mokhi Khosa. Við ljúkum þessari borgarrannsókn við „Chor Minor“ (bænaturnarnir fjórir) er óvenjulegt mannvirki byggt af kalífanum Niyazkul (18. öld).  <i>Miðdegisverður (ekki innifalinn)</i>  <b><i>Kvöldverður á þjóðlegum veitingastað hvar við fáum að kynnast matreiðsluhefðum löngu genginna silkikaupmanna.</i></b>  Gist í Bukhara.</p>
<p>DAGUR 10  <b>Sunnudagur 11. sept. Bukhara -</b></p>	<p>Að loknum morgunverði höldum við áfram sögurölti um gamla borgarhluta Bukhara. Við skoðum grafhýsi Samanids- elstu múrsteinsbyggingu í Mið-Asíu og meistaraverk heimsarkitektúrs (9-10. aldar). Grafhýsi Chashma Ayub. Goðsögnin segir að einu sinni hafi spámaðurinn Job (Ayub) heimsótt þennan stað. Þá skoðum við Sitara-i-Mokhi Khosa höllina sem eitt sinn var sveitasetur síðasta emírsins.  <i>Miðdegisverður (ekki innifalinn)</i>  <b><i>Þjóðlegur söngur og dans í garði við Nadir Divan-Begi Madrasah (trúarskólans) frá 17. Öld.</i></b>    Það sem eftir lifir dags helgum við sjálfhverfum rannsóknum, einstaklingsbundnum verslunarferðum, hvíld eða bara rölti út og suður  <b><i>Kvöldverður að hætti heimamanna.</i></b>  Gist í Bukhara.</p>

<p>DAGUR 11 Mánudagur 12. sept. Samarkand</p>	<p>Að loknum morgunverði er höldum við áfram þar sem frá var horfið í gær; sjálfhverf rannsókn, hvíld eða bara rölti út og suður.</p> <p>Kl. 15:52 Brottför til Samarkand, borgar hinna bláu hvolfþaka. Að þessu sinni forum við með þægilegri hraðalest AFROSIAB. Komum til Samarkand kl 17:25 (tímaáætlun getur breyst) Við komuna til Samarkand ökum við á staðbundinn veitingastað. <b>Miðdegisverður (ekki innifalinn)</b> Kvöldverður á þjóðlegum veitingastað. Gist í Samarkand</p>
<p>DAGUR 12 Þriðjudagur 13. sept.. Samarkand – Shakhrisabz – Samarkand</p>	<p>Eftir morgunverð og hefðbundnar Müllersæfingar verður dagurinn helgaður sögu borgarinnar sem rekja má aftur um vel yfir hálf tugi ára, en þó sérstaklega til Timur stórveldisins á 14. og 15. öld. Sú byggingarlist sem Samarkand geymir er einstök á heimsvísu og hefur menningarlegt gildi sem stendur hvergi að baki þeirri verkmenningu sem finna má menningarsögu Egypta, Kínverja, Indverja, Grikkja og Rómverja.</p> <p>Að loknum morgunverði höldum við út í borgarsínum og skoðum þessa stórkostlegu borg. Meðal annars Shahi-Zinda moskuna, Gur Emir Grafhýsið og Ruhabad grafhýsið, Registan torgið, Ulugbeg trúarháskólann, Sher-Dor skólann, að ógleymdri stjörnuathugunarstöð sem kennd er við 15. aldar stjörnu- og stærðfræðinginn Ulughbeg (1394-1449).</p> <p><b>Miðdegisverður (ekki innifalinn)</b></p> <p>Að áliðnum degi bíður okkar einkadagskrá klassískrar tónlistar í safni um gamlar hefðir í Kalantarov. Á tónleikunum er okkur boðið uppá freyðivínsglas í fordrykk.</p> <p>Kvöldverður á þjóðlegum veitingastað. Gist í Samarkand</p>

<p>DAGUR 13 Miðvikudagur 14. sept.. Samarkand – Tashkent</p>	<p>Frjáls dagur í Samarkand. Kl. 17:30 höldum við með hraðlest (AFROSIAB) til Tashkent. Áætlaður komutími þar er 19:40. (Tímaáætlun gæti breyst). <b>Kvöldverður á staðarskála.</b> Gist í Tashkent</p>
<p>DAGUR 14 Fimmtudagur 15. sept..</p>	<p>Frjáls dagur í Tashkent. <b>Um kvöldið verður þjóðleg kveðjuveisla á góðu veitingahúsi með mat og drukk.</b> Náum síðan að hvílast á hóteli áður en við höldum af stað á flugvöll og heim á leið. <b>Miðdegisverður (ekki innifalinn)</b> Gist í Tashkent</p>
<p>DAGUR 15 Fimmtudagur 16. sept..</p>	<p>07 ræs <b>Tashkent-London- London – HEIM.</b> <b>Tasgjebt – London (LHR): 10:45-14:25</b> <b>London – Keflavík (LHR): 21:25-23:40</b></p>

~~~~~

Verð 498.000 kr. fyrir einstakling í tvíbýli.

Verð fyrir einstakling í einbýli 558.000 kr.

Innifalið:

Flug og flugtengd gjöld

- Gisting á 3\* og 4\* (stjörnugjöf heimamanna):  
-----**Hampton Hilton:** Tashkent (6 nætur)  
----- **Asia Fergana** Fergana (1 nótt)

----- **Asia Khiva** (3\*SUP) Khiva (2 nætur)

----- **Zargaron Plaza** (3\*SUP) Bukhara (3 nætur):

----- **Grand Samarkand** (3\*SUP) hotel in Samarkand (2 nætur)

- Hálf fæði: (morgunverðir + miðdegisverðir eða kvöldverðir).
- Allur akstur í þægilegri rútu +30 sæta og minni bílum Tashkent -Fergana.
- Flug Tashkent – Urgence.
- Lest Tashkent – Fergana (?), Bukhara – Samarkand, Samarkand – Tashkent.
- Allir viðburðir sem nefndir eru í dagskrá, söfn og veislur. Kvöld-eða miðdegisverðir alla daga.
- Íslensk fararstjórn og enskumælandi aðstoðarmaður fararstjóra.
- Rúta frá flugvelli og á hótél og frá hóteli á flugvöll.

#### Ekki innifalið:

- Gjald fyrir myndatöku.
- Þar sem tónleikar eru er vaninn að skjóta saman ef ánægja er almenn. Valkvætt.
- Öll þjónusta sem ekki er innifalin samkvæmt ofantöldum lista þar með talið þjórfe sem jafnan er valkvætt.